

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 30. október 2012
Tilvísun: UST20121000112/ksj

Lýsing tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, Giljahverfi. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu vegna tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018.


Tillaga að breytingu felst í því að áformað er að byggja sérhæfðar þjónustuíbúðir við íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi. Vegna áformanna þarf að breyta mörkum á stofnanasvæði og íbúðarsvæði til að gera lóð fyrir þjónustuíbúðir.


Svæði fyrir þjónustuíbúðir

Ofangreint svæði þar sem áformað er að byggja sérhæfðar þjónustuíbúðir á er í dag opið og óbyggt svæði sem rammast inn af Borgarbraut í norðri, stofnanasvæði í austri og suðri og íbúðarbyggð til vesturs. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 ætti að koma fram hver umferðarhávaðinn er frá Borgarbraut og hvaða mótvægisáðgerðir eru áætlaðar ef til þess kæmi að hann fari yfir viðmiðunarmörk. Einnig telur stofnunin að fram þurfi að koma hvernig græna svæðið hefur nýst aðliggjandi hverfum og hvert þeirri útivist verður beint sem hefur farið fram á svæðinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við lýsingu að ofangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur